

Reykjavíkurvegur 50, fyrirspurn - 1805139

Guðmundur Oddur Víðisson óskar f.h. eiganda á grundvelli meðfylgjandi gagna eftir afstöðu Skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðar um að koma fyrir starfsemi grunnskóla á jarðhæð húsnæðisins fyrir 8, 9, og 10 bekk grunnskóla.

Umsögn:

Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar gerir ekki athugasemdir við að starfsemi grunnskóla verði komið fyrir á jarðhæð Reykjavíkurvegar 50 fyrir 8., 9., og 10. bekk grunnskóla, svo fremi sem kröfum um skólahúsnæði og ákvæðum heilbrigðiseftirlits verði fullnægt miðað við þann fjölda nemenda sem áætlað er að verði við skólann.

Fyrirhuguð skólastarfsemi í húsnæði því sem um ræðir hefur ekki áhrif á heildarskipulag svæðisins, en skila skal fullgerðum teikningum til byggingarfulltrúa, sem sýna fram á að ofangreindum skilyrðum verði mætt.

13. 6. 2018

F.h. Skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar